



Vesturlandsskógar

# **Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2001**

## **Ársreikningur 2001**

### **Fundargerðir stjórnarfunda ársins 2001**

**Október 2002**

# Ársskýrsla Vesturlandsskóga 2001.

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Inngangur .....	2
Fjárveitingar .....	2
Stjórn Vesturlandsskóga .....	2
Samningar við bændur .....	2
Helstu framkvæmdir .....	3
Gróðursetning .....	3
Skjólbeltarækt .....	5
Áburðargjöf .....	5
Jarðvinnsla .....	5
Kortlagning og áætlanagerð .....	6
Fyrirlestrar og námskeið .....	6
Fundir og ráðstefnur .....	7
Stjórnarfundir .....	7

### **Viðauki I:**

Ársreikningur Vesturlandsskóga árið 2001.

### **Viðauki II:**

Fundir stjórnar Vesturlandsskóga árið 2001.

# Inngangur

Árið 2001 viðraði nokkuð vel til skógræktar. Veturinn frá áramótum var í meðallagi hvað hita snertir á Vesturlandi og fremur snjóléttur. Vorið var fremur hagstætt. Júní var þurr og nokkuð svalur, en í júlí var hitinn í góðu meðallagi og úrkoma næg. Næstu þrjú mánuðir voru fádæma blíðir. Tré náðu því að búa sig vel undir vetur. Þótt lítið hafi verið um heita daga, þ.e. að hiti hafi farið yfir 20°C, má búast við góðum vexti í greni og furu á árinu 2002, vegna þess hve vel viðraði síðsumars og um haustið árið 2001. Talsverður snjór kom í nóvember, en tók upp í desember, sem var hlýr.

Árið 2001 var annað starfsár Vesturlandsskóga. Starfsmenn voru ennþá að þjálfast í vinnubrögðum og enn vantar nokkuð á, að þeir hafi náð að vinna upp þann hala í gerð áætlana, samninga og í eftirfylgni, sem nauðsyn ber til. Allt stefndi þetta þó í rétta átt.

Vesturlandsskógar studdu dyggilega við bakið á Félagi skógarbænda á Vesturlandi (FsV), einkum með því að standa fyrir útgáfu fréttabréfs félagsins. Komu út fimm tölublöð af fréttabréfinu á árinu 2001.

Starfsmenn verkefnisins, auk Sigvalda, voru: Björg Gunnarsdóttir, en hún hætti störfum 24. ágúst, Heiðrún Fríða Grétarsdóttir frá 20. maí og út júlímánuð og svo Guðmundur Sigurðsson, sem hóf störf þann 19. júní. Ásdís Geirdal hefur séð um að ganga frá fylgiskjölum bókhalds til skráningar, en Ríkisbókhald fært bókhaldið.

## Fjárveitingar

Landbúnaðarráðuneytið gerði tillögu til alþingis um, að fjárveitingar til Vesturlandsskóga yrðu hækkaðar um 1 milljón króna, í kr. 18 milljónir, en fjárlagatillögur Vesturlandsskóga höfðu gert ráð fyrir 34 milljóna króna fjárveitingu í samræmi við áætlun um uppþrepun verkefnisins, sem nefnd á vegum landbúnaðarráðuneytisins hafði unnið fyrir landbúnaðarráðherra haustið 1999. Sem betur fer kom alþingi auga á mikilvægi verkefnisins, ekki síst sem mótvægi við straum fólks úr dreifbýli yfir á SV-hornið. Varð fjárveitingin á endanum 34 milljónir króna. Eiga landshlutaverkefnið Hauk í horni þar sem alþingi er, enda skilningur þar á bæ á því, hve mikilvæg þessi starfsemi getur orðið til að sporna við byggðaröskun.

## Stjórn Vesturlandsskóga

Stjórn Vesturlandsskóga hélt 5 fundi á árinu 2001. Skipan hennar var til að byrja með óbreytt frá fyrra ári: Formaður Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, Hellissandi, en aðrir í stjórn: Jón Loftsson, skógræktarstjóri, tilnefndur af Skógrækt ríkisins; Hulda Guðmundsdóttir, tilnefnd af Félagi skógarbænda á Vesturlandi og Trausti Tryggvason, tilnefndur af skógræktarfélagunum á Vesturlandi. Sú breyting varð á skipan stjórnarinnar þann 10. október, að tillögu Jóns Loftssonar, skógræktarstjóra, að Birgir Hauksson, skógarvörður Vesturlands og Vestfjarða, tók sæti Jóns í stjórninni.

## Samningar við bændur

Síðustu ljónunum var rutt úr vegi samningsgerðar við skógarbændur, þegar Úrskurðarnefnd Skipulagsmála í októbermánuði kvað upp þann úrskurð, að skógrækt á bújörðum sé ekki

framkvæmdaleyfisskyld, en skuli vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og lög um mat á umhverfisáhrifum, þar sem það eigi við. Úrskurður þessi fékkst vegna kæru Odds Sigurðssonar á Litlu-Fellsöxl, en hann naut stuðnings framkvæmdastjóra Vesturlandsskóga við framsetningu kærunnar.

Þrátt fyrir þessa úrlausn varð aðeins einum samningi fulllokið fyrir áramót, en margir aðrir komust á rekspöl. Í kjölfar úrskurðarins flæddu nytjaskógræktarsamningar inná borð landbúnaðarráðuneytisins, svo þar myndaðist nokkur uppistaða.

Í árslok höfðu verið gerðir skjólbeltasamningar við 71 bónda á Vesturlandi.

## Helstu framkvæmdir:

### Gróðursetning

Á árinu 2001 voru alls gróðursettar í nytjaskógræktarsvæði í samstarfi við Vesturlandsskóga liðlega 280.000 plöntur, sem skiptust þannig milli tegunda:

Sitkabastarður:	35.365
Sitkagreni:	66.030
Stafafura:	61.500
Rússalerki:	64.088
Ilmbjörk:	21.280
Hengibjörk:	8.840
Alaskaösp:	15.125
Blágreni:	5.880
Hvítgreni:	520
Gulvíðir:	2.765

Gróðursettar voru 125% fleiri plöntur en árið áður, sem er snöggtum meiri aukning en nemur raunaukningu fjárveitingar. Skýringin er fyrst og fremst sú, að startið kostar sitt. T.d. þarf að vinna skógræktaráætlanir fyrir bændur mörg ár fram í tímann. Því má segja að við séum að vinna okkur í haginn fyrstu árin. Þær fjárveitingar, sem bætast við, eftir því sem verkefnið verður þrepað upp, munu að langmestu leyti fara beint í framkvæmdir á jörðum bænda, en að mjög litlu leyti í rekstur innviða verkefnisins.

## Tafla 1

### Gróðursettar plöntur í samstarfi við Vesturlandsskóga árið 2001.

Jörð	SG	SB	BG	SF	RL	IB	HB	AÖ	Samtals:
Álfatraðir og Gautastaðir		1.000		480	1.480				2.960
Ás		1.520		600		120	600	315	3.155
Ásgarður				400	1.407	400		800	3.007
Belgsholt	2.520			600		280	320	595	4.315
Birkihlíð					2.520				2.520
Brekkukot				3.000	1.600				4.600
Deildartunga I				1.000	1.000				2.000
Einifell	1.280			980	320				2.580
Erpsstaðir		5.520				1.000		1.015	7.535
Eyri	200			200	201	200	200	200	1.201
Erstikla	8.640	360		7.000	7.000	3.600	1.400	2.000	30.000
Fitjar		210		400	400	320			1.330
Fljótstunga				2.000	2.005	1.000			5.005
Giljaland		500		1.000	1.000				2.500
Gróf		1.280		2.000	1.000	520	280		5.080
Grund		4.040		760		600	800	490	7.390 *
Hamar		560		480		480			1.520
Hnúkur		600		400	200	400	400		2.000
Hrútsstaðir	4.400	1.480			989	1.000	1.000		9.359
Hurðarbak		2.120		1.880		80	920		5.490 *
Hæll	3.280			1.000		1.600		945	6.825
Kalastaðakot	880			880	600	240			2.600
Kalastaðir	1.520			4.000	2.000	2.520			10.040
Klettur		720					160	140	1.020
Krókur				12.000	7.473	520			19.993
Litla-Fellsöxl	3.520			240	400		240	700	5.100
Litli-Kroppur				2.000		1.000			3.000
Magnússkógar				1.080	2.840				3.960
Oddsstaðir I	3.000					560		805	4.365
Oddsstaðir II				720	1.096	1.240			3.056
Ormsstaðir		1.000		400	2.000	200	400		4.000
Rauðsgil		1.000		520	536	240		245	2.541
Setberg		1.000	1.000	1.000	520	520			4.040
Signýjarstaðir		2.400		2.000		400	520	700	6.020
Skógarsel				2.520	11.851	600			14.971
Steindórsstaðir				960	200	320			1.480
Stóri-Ás	525	2.800			1.005		600	1.555	6.485
Svarfhóll	20.560	5.360			4.080		1.000	3.990	34.990
Sveinatunga		1.520				800		140	2.985 *
Svelgsá			680	800		520			3.050 *
Tungufell		1.400		1.400	200				3.000
Vilmundarstaðir	9.755	2.240	4.200	5.280	8.165				30.160 **
Vígholtsstaðir									
Ytri-Skeljabrekka		1.520		1.520					3.040

\* Inni í samtölunni eru gulvíðiplöntur, sem ekki eru með í sundurliðuninni

\*\* Inni í samtölunni eru 520 stk. af hvítgreni, sem ekki er með í sundurliðuninni.

# Skjólbeltarækt

**Tafla 2 Skjólbelti sett á vegum Vesturlandsskóga vorið 2001.**

Jörð:	Plastlagt í m	Fj. stiklinga/plantna
Ásgarður	2950	2950
Brúarland		100
Bær I og II	300	325
Grjóteyri	500	820
Hellar	700	700
Hurðarbak	600	600
Hýrumelur	5070	5070
Leirá	500	550
Litli-Kroppur	450	225
Magnússkógar	200	200
Neðri-Hundadalur	900	850
Rauðkollsstaðir	2400	5085
Skálpastaðir		200
Skipanes	220	225
Skorholt	2000	850
Steindórsstaðir	680	1105
Stóra-Vatnshorn	100	305
Stóri-Kroppur	1850	1850
Söðulsholt	1000	1705
Vellir	500	450
Vilmundarstaðir		695
Samtals	20920 m	24960 stk.

## Áburðargjöf

Bændum var útvegaður áburður til að bera á nýgróðursettar plöntur. Í þetta sinn fékkst Gróska II, frá Áburðarverksmiðjunni. Voru menn hvattir til að dreifa 10g kringum hverja plöntu - þó ekki þar sem handfleckjað væri í grasgefnu landi. Jafnframt var dreift áburði yfir plöntubakka á dreifingarstöðvunum, strax og bakkarnir mættu á staðinn. Þar sem plöntur geta þurft að bíða gróðursetningar á annan mánuð, frá því að þær koma á dreifingarstöð, er brýnt að þær fái næringu á meðan. Þar sem úrkoma er afar mismikil frá ári til árs, er auðveldara að stjórna næringarframboði bakkaplantna, sem bíða gróðursetningar utanhúss, með kornuðum áburði heldur en með því að vökva með áburðarlausn. Oftast er einhver afgangur af kornunum, þegar plönturnar eru gróðursettar. Kornin líma sig lauslega á ytra borð plantna og rótartappa og berast því með plöntunum út á foldina. Þetta kemur sér vel, þegar gróðursett er án eftirfarandi áburðargjafar, svo sem í handfleckjað frjósamt land.

## Jarðvinnsla

Vélflekkjarinn undirbjó 50 ha lands fyrir gróðursetningu á næsta vori. Var unnið með hann á fimm jörðum í Dölnum, tveimur í Helgafellssveit, einni í Norðurárdal og 6 í Borgarfjarðarsveit. Gekk verkið vel.

# Kortlagning og áætlanagerð

Skógrækt ríkisins afhenti Vesturlandsskógum 26 ræktunaráætlanir á árinu 2001. Var lokið gerð ræktunaráætlana fyrir eftirtaldar jarðir sumarið 2001:

*Ferstiklu og Kalastaði í Hvalfjarðarstrandarhreppi,  
Leirá í Leirár- og Melasveit,  
Klafastaði í Skilmannahreppi,  
Indriðastaði í Skorradal,  
Syðstu-Fossa í Andakíl,  
Brennu í Lundareykjadal,  
Breiðabólsstað, Brekkukot, Deildartungu, Gróf, Hurðabak og Steindórsstaði í Reykholtssdal,  
Signýjarstaði, Skógarsel og Stóra-Ás í Hálsasveit,  
Fljótstungu í Hvítársíðu,  
Hamar í Þverárhlið,  
Krók í Norðurárdal,  
Grímsstaði í Álftanesshreppi,  
Setberg í Grundarfirði,  
Saurstaði í Haukadal,  
Hrútsstaði og Vígholtsstaði í Laxárdal,  
Grund og Ormsstaði á Fellsströnd.*

Vesturlandsskógar greiddu Skógræktinni kr. 3.694.000 fyrir þessar áætlanir.

Á næsta ári er gert ráð fyrir, að starfsmenn Vesturlandsskóga taki við gerð ræktunaráætlana. Þó verði sá hluti þeirra, sem unninn var sumarið 2001 á hefðbundnar loftmyndir, fullunninn hjá Skógrækt ríkisins á Egilsstöðum.

Gerð skjólbeltaáætlana fyrir bændur á Vesturlandi hefur gengið þannig fyrir sig, að til þess að sem flestir geti byrjað hafa margir fengið drög að áætlunum, en fáum áætlunum varð fulllukið fyrir árslok.

## Fyrirlestrar og námskeið

Framkvæmdastjóri kynnti á borgarafundi á Kjalarnesi, hvað bændum stæði til boða í samstarfi við Vesturlandsskóga.

Vesturlandsskógar héldu á árinu nokkur námskeið í samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Námskeiðin voru flest vel sótt og tókust bærilega. Nokkuð hefur verið rætt um, hvort rétt sé að skylda skógarbændur til að sækja einhvern lágmarksfjölda af námskeiðum. Jafnframt var ákveðið, að kanna samstarf við Garðyrkjuskólann á Reykjum um sérstaka námskeiðaröð, svipaða þeirri sem komið hefur verið á í samstarfi skólans, Suðurlandsskóga, S.r. og Landgræðslunnar. Engin ákvörðun var tekin um breytt form á námskeiðshaldi. Vesturlandsskógar vilja áframhaldandi samstarf við Hvanneyri, þótt jafnframt mætti skoða samstarf við Garðyrkjuskólann. Erfitt reyndist að finna grundvöll fyrir samstarfi. M.a. setti skólastjóri Garðyrkjuskólans það sem ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir samstarfi um námskeiðaröð, að allt fjárstreymi henni tengt færi gegnum Garðyrkjuskólann og að aðeins væri um að ræða eitt námskeið af hverju tagi fyrir hvern þátttakanda. Starfsmenn Vesturlandsskóga telja æskilegt, að hafa nokkurn sveigjanleika varðandi þátttöku nemenda í einstökum námskeiðum, þannig að missi menn af einu námskeiði, gefist þeim kostur á að sækja sama námskeið einu eða tveimur árum síðar.

Framkvæmdastjóri sótti í lok maí tveggja daga námskeið hjá endurmenntunarstofnun HÍ varðandi BÁR – bókhaldskerfið.

## **Fundir og ráðstefnur**

Dagana 11. og 12. janúar var haldin á Akureyri ráðstefna í samstarfi Skógræktar ríkisins og Norðurlandsskóga. Þar voru ýmis rannsóknaverkefni kynnt og “kalstofa” opnuð formlega á Möðruvöllum. Þann 24. janúar héldu verkefnið hinn árlega samráðsfund í samstarfi við landbúnaðarráðuneytið. Þann 27. ágúst fóru framkvæmdastjóri og formaður stjórnar Vesturlandsskóga um Suðurland í fylgd Mógilsármanna. Voru skoðuð ýmis tilraunasvæði og endað með stuttum fundi með Landgræðslumönnum í Gunnarsholti. Sama dag var sumarstefna starfsmanna skógræktarverkefnanna haldin á Skeiðunum.

## **Stjórnarfundir**

Á árinu voru haldnir allmargir stjórnarfundir, eða 5 alls. Fundargerðirnar eru í Viðauka II.